

Malbikunarstöð Akureyrarbæjar
Umhverfismiðstöð
Rangárvöllum 2
603 Akureyri

Reykjavík, 26. september 2022
UST202202-311/gf
08.08.02

Varðar reglubundið eftirlit hjá Malbikunarstöð Akureyrar þann 24.08.2022

Þann 24. ágúst sl. fór fram eftirlit í Malbikunarstöð Akureyrar við Súluveg á Akureyri. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Þrjú eldri frávik voru opin þegar komið var í eftirlit. Ryk og kolmónoxíð voru yfir losunarmörkum í starfsleyfi í mælingu 2021 og útblásturshraði náði ekki tilskildum hraða upp úr skorsteini. Hátt gildi fyrir olíu í frárennsli var endurmælt og bærust niðurstöður mælinga 14. sept.sl. Olía var undir losunarmörkum og því er frávikinu lokað.

Eitt nýtt frávik kom fram í eftirliti sem varðar sein skil á grænu bókhaldi. Græna bókhaldið barst 17. maí sl. og því er frávikinu lokað.

Umhverfisstofnun samþykkti tímasetta úrbótaáætlun rekstraraðila þann 9. júní sl. sem svo óskaði eftir viðbótarfresti þann 6. september sl.

Umhverfisstofnu óskar eftir tímasettri áætlun um úrbætur á atriðum sem tengjast losun ryks og kolmónoxíðs sem og lágum útblásturshraða upp um skorstein. Tímasett áætlun skal berast stofnuninni eigi síðar en 24. október 2022.

Virðingarfyllt,

Gottskálf Friðgeirsson

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur